

Skólaráðsfundur 22. júní 2016

Mættir: Þrúður, Róbert, Anna Kristín, Ágústa, Bryndís María, Eva Brá, Kristín, Freyja, Ólafía Dögg.

1. Eftirfylgni með úttekt Krikaskóla. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 26/5/16 kynnt. Skil á stöðu umbótaáætlunar kynnt og Þrúður mun senda svarbréf fyrir sumarlok.
2. Fjárhagsáætlun 2017. Undirbúningar hafinn. Umræða um tölvu- og tæknimál í tengslum við fyrirhugaða fyrirlögn rafrænna prófa í grunnskólanum.
3. Tilraun um fyrirlögn rafrænna prófa sem Krikaskóli tók þátt í. Þrúður sagði frá og upplýsti um framkvæmd og upplifun Krikaskila.
4. Starfsmannahald og breytingar fyrir skólaárið 2016-17 kynntar. Mjög litlar breytingar verða milli ára. Auglýst var eftir íþróttakennara og starfsmanni í eldhús.
5. Þrúður sagði frá lokum á þróunarverkefni í stærðfræði. Lokaskýrsla í vinnslu hjá Kiddý. Einnig sagði Þrúður frá verkefni um frístundarstarf fyrir næsta skólaár sem Soffía verkstýrir.
6. Umræða um skipulag næsta skólaárs, meðal annars fataaðstöðu. Þrúður upplýsti um gang málsins sem þarf að komast á fjárhagsáætlun 2017. Um stærri framkvæmd er að ræða þannig að hana þarf að eignafæra. Málið er hjá Láru/Óskari hjá Eignasjóði. Þrúður ætlar að kalla eftir stöðu þess og upplýsa skólaráð.
7. Róbert benti á gönguleið að skólanum sem ekki er skilgreind gangbraut heldur hraðahindrun. Óskar eftir að skólinn sendi erindi um það mál til viðeigandi aðila.
8. Spurt var um móttökuáætlun skólans en hún liggur fyrir. Ágústa á eftir að birta hana á heimasíðunni.
9. Rætt var um starfsmannahald og afleysingar hjá yngri börnunum. Óvænt forföll hafa orðið í starfsmannahópi til viðbótar við orlof starfsmanna. Foreldrar gera athugasemd við það að þeir fái ekki nægar upplýsingar frá skólanum um afleysingarfólk.
10. Leiksvæði yngstu barnanna var rætt og mikil umgengni/skemmdarverk um kvöld og helgar. Myndavélakerfi-eftirlit var rætt. Einnig rætt um blind svæði á lóð og vanda sem gæti skapast vegna þess.

Skráð af Þrúði.

